

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 655/2003, um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Í stað orðanna „þegar þjónustan er veitt“ í 1. másl. 16. gr. kemur: við gerð opinberra samninga um vörukaup við þriðja aðila.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 56. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Stefán Jón Friðriksson.